

GJALDSKRÁ

akstursþjónusta fatlaðs fólks

1. gr.

Upphæð gjalds

Stakt fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal miðast við stakt gjald fyrir öryrkja hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni. Börn 11 ára og yngri eru undanþegin gjaldskyldu.

Gjald vegna tímabils korta fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks miðast við tímabils kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Nemakort fyrir 16 ára og eldri, sem stunda viðurkennt framhalds- eða háskólanám, skal miðast við tímabils kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Fargjald fyrir aðra farþega sem ferðast með notendum akstursþjónutunnar er í samræmi við almenna gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

2. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks.